

Samkomulag um endurskoðun viðræðuáætlunar milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands sammælast um að endurskoða viðræðuáætlun vegna Félags grunnskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem undirrituð var 2. september 2019. Aðilar munu halda viðræðum áfram með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. október 2020 með gildistíma frá 1. september 2020 til 31. mars 2023 sem byggir á grunni lífskjarasamnings.

1. gr.

Skipulag kjaraviðræðna og vinnubrögð

Aðilar eru sammála um að halda viðræðum áfram samkvæmt sameiginlegri verkáætlun sem í meginatriðum felur í sér eftirfarandi verkefni:

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Með breytingum á lögum nr. 95/2020 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kennurum með tiltekna sérhæfingu og hæfni tryggður réttur til kennslu í leik- grunn- og framhaldsskólum. Þannig fela lögin í sér að þeir sem sinna uppeldis-, kennslu- og stjórnunarstörfum í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi tiltekna grunnmenntun og hæfni í samræmi við störf þeirra og ábyrgð. Í lögnum er nýmæli að vísað er í aðalnámskrá tónlistarskóla en þannig falla tónlistarskólakennarar undir gildissvið laganna. Þá gera lögin ráð fyrir því að tónlistarskólakennarar öðlist rétt til að sækja um leyfisbréf vegna kennslu í öðrum skólagerðum.

Félag grunnskólakennara, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarpættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Til þess að meta kostnaðaráhrif af framangreindu á landsvísu og tryggja sameiginlegan ávinning eru aðilar sammála um að lengri tíma þurfi til að undirbúa svo umfangsmiklar breytingar.

Undirbúningsvinnan felur í sér m.a. söfnun, úrvinnslu og greiningu launagagna s.s. vegna menntunar og starfsreynslu við skólastjórn og kennslu. Auk framangreinds verða áhrif breytinga á launamyndunarpætti í kjarasamningum einstaka aðildarfélaga KÍ rædd.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu, sem byggir á hugmyndafræðinni hér að ofan, eigi síðar en 1. október 2020. Ný launatafla gildir frá 1. janúar 2021.

Fundarefni, fundartími og lengd funda verða ákveðin hverju sinni. Stefnt skal að því að fundartími verði að jafnaði á milli kl. 9:00 og 16:00 á virkum dögum.

0 00 PLO

Kennarasamband Íslands leggur áherslu á að tryggt verði að kennarapróf, sem lögum samkvæmt veita kennurum sömu starfsréttindi, séu jafngild til launa án tillits til þess, á hvaða tíma þau hafa verið tekin. Lögð er áhersla á að menntun kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði sköpuð samræmd umgjörð með vísan til framangreinds.

Samhliða leggur Samband íslenskra sveitarfélaga áherslu á að mat á menntun verði að hámarki 8% og mat á kennslureynslu að hámarki 16%.

2. gr.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Hafi aðilar ekki lokið endurnýjun kjarasamningsins fyrir 1. október 2020 eru þeir sammála um að meta stöðu viðræðna.

3. gr.

Eingreiðsla

Vegna þess er að framan greinir eru aðilar sammála um að greiða hverjum starfsmanni eingreiðslu þann 1. september 2020, að upphæð 303.400 kr. miðað við fullt starf eftir því sem við á fyrir tímabilið 1. desember 2019 til og með 31. ágúst 2020. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Reykjavík, 10. júlí 2020

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Enga Rún Ólafsdóttir
Kolbeinn Guðmundsson

F.h. Kennarasambands Íslands vegna
Félags grunnskólakennara

[Handwritten signature]

F.h. Kennarasambands Íslands vegna
Félags kennara og stjórnenda í
tónlistarskólum

[Handwritten signature]

Bókun með viðræðuáætlun x. júlí 2020
Sveigjanlegt vinnuumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólstarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólstarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðamenningu.

Skólastjóri ákveður vinnutíma kennara samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um að sveigjanlegt vinnuumhverfi er forsenda þess að kennarar eins og aðrir þekkingarstarfsmenn geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta.

Við gerð vinnuskýrslu sem gera skal í upphafi hvers skólaárs samkvæmt gr. 2.1.6.1 skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni kennara. Um breytingar á vinnuskýrslu fer samkvæmt gr. 2.1.6.1.

Yfirlýsing Sambands Íslenskra sveitarfélaga

er fylgir endurskoðun viðræðuáætlunar milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands þann x. júlí 2020

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir því yfir að starfsmenn í fæðingarorlofi fái eingreiðslu samkvæmt 4.gr. meðfylgjandi samkomulags með sama fyrirkomulagi og ákvarðað var á 82. fundi samstarfsnefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara þann 7. júní 2018.

Þrátt fyrir ofangreint er áréttað að þessi ákvörðun hefur ekki fordæmisgildi, komi til frekari eingreiðsla með nýjum kjarasamningum aðila.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga



Borgarfjarðarhreppur

Viðauki 1/2020 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 tekinn fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 6. júlí 2020.

Breytingar á fjárfestingu:

Hækkun á fjárfestingu eignasjóðs er 64,8 millj. kr.

Framkvæmdir verða fjármagnaðar með með lántöku og handbæru fé.

Rekstrarniðurstaða:

Viðauki hefur engin áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins.

Handbært fé, breyting:

Handbært fé lækkar um 13,6 millj. kr. það er úr 50,6 millj. kr. í 37,0 millj. kr.

Áhrif framangreindra breytinga á rekstur og sjóðstreymi er sýnd í meðfylgjandi yfirlitum.

Borgarfjarðarhreppur
Rekstur

Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Málaflokkayfirlit	Viðauki 1/2020					Samantekt allra viðauka		
	Rekstrar tekjur	Rekstrar gjöld	Afskriftir	Fjármagns liðir	Samtals	Upphafleg	Fjárhags	
						Fjárhags- áætlun	Samtals	áætlun m. Viðaukum
					Rekstrar- niðurstaða	viðaukar	Rekstrar- niðurstaða	
Aðalsjóður								
00 - Skatttekjur.....					0	99.835	0	99.835
02 - Félagsþjónusta.....					0	(3.848)	0	(3.848)
03 - Heilbrigðismál.....						(302)	0	(302)
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....					0	(43.600)	0	(43.600)
05 - Menningarmál.....					0	(1.208)	0	(1.208)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....					0	(4.637)	0	(4.637)
07 - Brunamál og almannavarnir.....					0	(8.401)	0	(8.401)
08 - Hreinlætismál.....					0	(2.287)	0	(2.287)
09 - Skipulags- og byggingamál.....					0	(3.977)	0	(3.977)
10 - Umferðar- og samgöngumál.....					0	(3.487)	0	(3.487)
11 - Umhverfismál.....					0	(2.278)	0	(2.278)
13 - Atvinnumál.....					0	2.223	0	2.223
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....					0	0	0	0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....					0	(17.705)	0	(17.705)
28 - Fjármagnsliðir.....					0	618	0	618
Aðalsjóður	0	0	0	0	0	10.945	0	10.945
Aðrir sjóðir í A - hluta								
Eignasjóður.....					0	5.329	0	5.329
Þjónustumiðstöð.....					0	(4.840)	0	(4.840)
Millifærslur A-hluta.....					0		0	0
A - hluti samtals	0	0	0	0	0	11.435	0	11.435
Sjóðir í B - hluta								
Félagslegar íbúðir.....					0	(2.280)	0	(2.280)
Hafnarsjóður.....					0	1.876	0	1.876
Vatnsveita.....					0	(2.332)	0	(2.332)
Fjarðarborg.....					0	(613)	0	(613)
Fráveita.....					0	(1.901)	0	(1.901)
A og B hluti samtals	0	0	0	0	0	6.185	0	6.185

Fjárfesting	Viðauki 1/2020		
<i>Fjárfesting</i> Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020			
		Framlög og	Viðauki 1
	Fjárfesting	styrkir	fjárfesting
Eignasjóður / gatnagerð.....	0		0
Eignasjóður / fasteignir.....	85.268	20.464	64.804
Eignasjóður / ljósleiðari.....	0		0
Eignasjóður/	0		0
Þjónustumiðstöð / tæki.....	0	0	0
A hluti.....	85.268	20.464	64.804
Hafnarsjóður / þjónustuhús.....	0		0
Hafnarsjóður / sjóvarnir.....	0		0
Félagslegar íbúðir.....	0		0
Fjarðarborg.....	0		0
Vatnsveita.....	0		0
A- og B-hluti.....	85.268	20.464	64.804

Samantekt allra viðauka		
Upphafleg		Fjárhags-
Fjárhags-		áætlun m
áætlun		viðaukum
	Samtals	
fjárfesting	viðaukar	fjárfesting
2.000	0	2.000
0	64.804	64.804
0	0	0
0	0	0
0	0	0
2.000	64.804	66.804
10.000	0	10.000
0	0	0
5.000	0	5.000
3.000	0	3.000
0	0	0
20.000	64.804	84.804

Rekstrarreikningur	A hluti			Samant. A og B hluti		
	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m. viðaukum
Tekjur:						
Skatttekjur.....	65.315	0	65.315	64.680	0	64.680
Framlög jöfnunarsjóðs.....	32.040	0	32.040	32.040	0	32.040
Aðrar tekjur.....	34.432	0	34.432	46.726	0	46.726
	131.787	0	131.787	143.446	0	143.446
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	68.525	0	68.525	73.164	0	73.164
Annar rekstrarkostnaður.....	46.022	0	46.022	51.685	0	51.685
Afskriftir.....	6.424	0	6.424	10.582	0	10.582
	120.971	0	120.971	135.430	0	135.430
Niðurstaða án fjármagnsliða	10.817	0	10.817	8.016	0	8.016
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	618	0	618	(1.831)	0	(1.831)
Rekstrarniðurstaða f. Tekjuskatt	11.435	0	11.435	6.185	0	6.185
Tekjuskattur.....	0		0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	11.435	0	11.435	6.185	0	6.185

Sjóðstreymisyfirlit	A hluti			Samant. A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	11.435	0	11.435	6.185	0	6.185
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	6.424	0	6.424	10.582	0	10.582
Verðbætur og gengismunur	346	0	346	1.892	0	1.892
Söluhagnaður	0	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	18.205	0	18.205	18.659	0	18.659
Breytingar á skammtímalíðum:	0	0	0	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	18.205	0	18.205	18.659	0	18.659
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(2.000)	(64.804)	(66.804)	(20.000)	(64.804)	(84.804)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(2.000)	(64.804)	(66.804)	(20.000)	(64.804)	(84.804)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(17.547)	0	(17.547)	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	0	51.161	51.161	0	51.161	51.161
Afborganir langtímalána.....	(2.598)	0	(2.598)	(2.598)	0	(2.598)
Fjármögnunarhreyfingar	(20.145)	51.161	31.016	(2.598)	51.161	48.563
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(3.941)	(13.643)	(17.583)	(3.939)	(13.643)	(17.582)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	54.555	0	54.555	54.555	0	54.555
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	50.615	(13.643)	36.972	50.616	(13.643)	36.973

Viðauki 1: Ekki er um að ræða útgjaldaauka í rekstri vegna viðauka 1. Útgjaldaauki vegna fjárfestinga nemur 64,8 millj. kr. sem er mætt með lántöku að fjárhæð 51,2 millj. kr. og handbæru fé uppá 13,6 millj. kr. Handbært fé í árslok 2020 lækkar því um 13,6 millj. kr. það er úr 50,6 millj. kr. í 37,0 millj. kr.